

REGLUGERÐ

um launaafdrátt.

1. gr.

Almenn atriði og skilgreiningar.

Allir þeir er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, eru skyldir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupum launþega við útborgun launa til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber skv. 110. gr. 113. gr. laga nr. 75/1981, og IV. kafla laga nr. 4/1995, um tekjustofna sveitarfélaga. Þau opinberu gjöld sem hér um ræðir eru tekjuskattur, sérstakur tekjuskattur, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, útsvar, gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra og samsvarandi gjöld skv. innheimtusamningum við önnur ríki.

2. gr.

Hámark launaafdráttar.

Launagreiðendur skulu aldrei halda eftir hærri fjárhæð en sem nemur 75% af heildarlaunagreiðslum hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt 1. gr. að viðbættum lögbundnum iðgjöldum og meðlögum þannig að tryggt sé að launþegi haldi eftir 25% af heildarlaunagreiðslum. Lífeyrissjóðsiðgjöld umfram 4% af iðgjaldsstofni falla ekki undir þessa reglu.

Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti vegna eldri skattskulda.

3. gr.

Ábyrgð og aðfararréttur.

Hafi launagreiðandi vanrækt að halda eftir af launum ber hann sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess fjár.

Heimilt er að gera aðför hjá launagreiðanda vegna launaafdráttar sem launagreiðandi hefur haldið eftir eða bar að halda eftir samkvæmt þessari reglugerð.

4. gr.

Umsókn um lækun launaafdráttar.

Heimilt er innheimutmanni að semja um lækun launaafdráttar skv. 1. mgr. 2. gr. ef sýnt þykir að tekjur launþega muni ekki duga til framfærslu hans, maka og barna sem hann hefur á framfæri sínu.

Ef samþykkt er að lækka launaafdrátt skal launþegi undirrita samkomulag þar sem hann viðurkennir kröfuna og nýjan upphafstíma fyrningarfrests. Samkomulagið skal gilda fram að næstu álagningu. Jafnframt er þá heimilt að fresta aðfarargerð vegna kröfunnar fram að næstu álagningu.

Samkomulag um launaafdrátt hefur ekki áhrif á lögbundna dráttarvexti og gjalddaga.

5. gr.

Skil á afdregnum launum og dráttarvextir.

Launagreiðandi skal ótilkvaddur standa skil á afdregnum launum eða launum sem honum bar að halda eftir sex dögum eftir útborgun launa. Ef lokadagur skilafrests er almennur frídagur lengist fresturinn til næsta virka dags þar á eftir. Að öðru leyti ber að telja frídaga með þegar fresturinn er reiknaður.

Launagreiðandi sem stendur ekki skil á afdregnum launum skal greiða ríkissjóði dráttarvexti skv. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 75/1981.

6. gr.

Samningar þegar um áætlaða skatta er að ræða.

Heimilt er innheimtumanni að stöðva launaafdrátt þegar launaafdráttur hefur náð þeirri fjárhæð sem áætlað er að endanleg skattálagning muni hljóða upp á.

Óski launþegi eftir því að launaafdrætti verði ekki beitt, þar sem skattskuld verði felld niður eða óski hann eftir að miðað verði við væntanlega álagningu þegar tillit hefur verið tekið til skattframtals, er heimilt að falla frá launaafdrætti ef launþegi hefur skilað skattframtali til skattstjóra og leggur fram staðfestingu frá skattstjóra þar um. Styðji önnur gögn fullyrðingu launþega um að skattskuld verði felld niður er jafnframt heimilt að falla frá launaafdrætti. Slík gögn geta verið fyrri skattskil, útreikningur löggilts endurskoðanda, upplýsingar um laun í staðgreiðsluskrá, staðfesting læknis um óvinnufærni o.fl. Hafi afdráttur þegar átt stað er heimilt í þessum tilvikum að endurgreiða launþega það sem af var dregið utan staðgreiðslu.

7. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 113. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum og 28. gr. laga nr. 4/1995 um tekjuskattstofna sveitarfélaga, með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 5. febrúar 2001.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elva Ósk S. Wium.

Nr. 125

29. febrúar 2001

REGLUGERÐ

um innheimtu höfundaréttargjalda skv. 3. og 4. mgr. 11. gr. höfundalaga.

1. gr.

Við innflutning eða framleiðslu á böndum, diskum, plötum eða öðrum hlutum, hvort sem er til hliðrænnar eða stafrænnar upptöku, skal greiða höfundaréttargjöld sem hér segir:

A. Hlutir til upptöku á hljóði eingöngu.

- 1) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tollnúmer (tnr.) 8523.1191, 8523.1291 og 8523.1391 skal greiða 35 kr. á hvert eintak.
- 2) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1192, 8523.1292 og 8523.1392 skal greiða 70 kr. á hvert eintak.
- 3) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1193, 8523.1293 og 8523.1393 skal greiða 105 kr. á hvert eintak.
- 4) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1194, 8523.1294 og 8523.1394 skal greiða 140 kr. á hvert eintak.
- 5) Af óáteknum segulböndum sem flokkast í tnr. 8523.1199, 8523.1299 og 8523.1399 skal greiða 175 kr. á hvert eintak.

B. Hlutir til upptöku á myndum ásamt hljóði.

- 1) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tollnúmer (tnr.) 8523.1121, 8523.1221 og 8523.1321 skal greiða 100 kr. á hvert eintak.
- 2) Af óáteknum myndböndum sem flokkast í tnr. 8523.1122, 8523.1222 og 8523.1322 skal greiða 200 kr. á hvert eintak.